

Forsaga verkefnisins



- Samþykkt borgarstjórnar 2. október 2012
„Borgarstjórn samþykktir að upplýsingar um allar kostnaðargreiðslur borgarinnar verði gerðar almenningi tiltækar með rafrænum hætti á netinu.“
- Starfshópur um útfærslu og innleiðingu gagnagáttar um fjármál Reykjavíkurborgar. Verkefni hópsins var:
„[...] að koma með tillögu að útfærslu gagnagáttar á vef Reykjavíkurborgar er gefi íbúum og öðrum hagsmunaaðilum góða innsýn í fjármál borgarinnar og aðgang að gögnum og upplýsingum er gefi raunsanna mynd af meðhöndlun fjármuna borgarinnar og í hvaða verkefni þeim er varið.“
- Hópurinn starfaði árið 2013 og skilaði af sér í lok janúar 2014

Forsaga verkefnisins



- Verkefnið kynnt nýju stjórnkerfis- og lýðræðisráði í sept. 2014.
- Fjármálaskrifstofu þá falið
„ [...] að framkvæma kostnaðarmat á opnun á hrágögn um fjármál borgarinnar annars vegar og rafrænni gagnagátt um fjármál borgarinnar hins vegar.“



Undirbúningsvinna



- Tillaga um hvaða **leiðir** borgin fari við birtingu gagna
 - Skilgreining á umgjörð, umsjón og ábyrgð
 - Lýsing á gagnasafni
 - Lýsigögn
 - Verkferill við birtingu opinna gagna
 - Leyfisskilmálar
-
- Skilgreiningar og verklag miðar ekki aðeins að umgjörð og verklagi við birtingu fjárhagslegra opinna gagna, heldur almennt um birtingu opinna gagna Reykjavíkurborgar.



- **Opin gögn**
 - Á vefnum Opin gögn, www.opingogn.is.
 - Í rafrænni gagnagátt á vef Reykjavíkurborgar
 - Hér er um að ræða gagnaskrár með óunnum hrágögnum úr fjárhagskerfi borgarinnar, skv. nákvæmri skilgreiningu hverju sinni.


5

• Rafræn talnaborð

- Verði þróuð og gerð aðgengileg fyrir birt gögn eða hluta birtra gagna á vef Reykjavíkurborgar
- Slík lausn býður upp á úrvinnslu gagna og myndræna framsetningu.

Fjárhagsáætlun 2016 - 2020

FORSÍDA FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016 MYNDRÆN FRAMSETNING FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016 - 2020 - A HLUTI FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016 - 2020 - SAMSTÆDA



Fjárhagsáætlun

FORSÍDA

Yfirlit má

Heildarútgjöld

Skóla- og frí

Velferðarsv

Sameiginlegur


Íþrótt- og tómstundasvið

samtals

Rekstrarreikningur


Rekstrartekjur og rekstrargjöld

Eining: þ.kr




Heimild: Reykjavíkurborg
Birt: 3 nóv 2015

Opna á DataMarket



Rekstrartekjur

Eining: þ.kr




Heimild: Reykjavíkurborg
Birt: 3 nóv 2015

Opna á DataMarket

Rekstrargjöld

Eining: þ.kr



Heimild: Reykjavíkurborg
Birt: 3 nóv 2015

Opna á DataMarket

Ábyrgð og framkvæmd



- Ábyrgð á því að birta gagnasöfn sem opin gögn liggur **hjá viðkomandi sviðsstjóra** eða **skrifstofustjórum miðlægrar stjórnsýslu**.
- Með hverju opnu gagnasafni verði tilgreindur **umsjónarmaður** sem uppfærir og meðhöndlar gögnin.
- **Upplýsinga- og vefdeild** ber ábyrgð á því að til sé opin og einföld leið til að gefa út gagnasöfn sem opin gögn.
- Umsjónarmaður tekur við **ábendingum og fyrirspurnum** hvað varðar sjálf gögnin og birtingu þeirra.

Ábyrgð og framkvæmd



- Efnislegar ábendingar og fyrirspurnir sem vakna við skoðun gagnanna, t.d. um rekstur Reykjavíkurborgar, fara í hefðbundið ferli og geta fyrirspyrjendur bæði haft samband við **sviðstjóra, skrifstofustjóra miðlægrar stjórnsýslu eða borgarfulltrúa**.
- **Þjónustuver** greiðir veg þeirra sem ekki vita hvert beina eigi fyrirspurnum eða ábendingum.
- Einnig má benda á **Flautuna** sem er rafrænt ábendingarkerfi varðandi misferli í starfsemi Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð og framkvæmd



- Miðað skal við að allar upplýsingar sem heimilt er að birta verði í gagnasöfnum nema í þeim tilvikum að opinber birting sé óheimil að lögum eða samningum eða varði viðkvæmar persónuupplýsingar. Leiki vafi á því hvort lagalegar takmarkanir séu á opnun gagna veitir **borgarlögmaður** ráðgjöf og sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma.



Lýsing á gagnasafni

- **Lýsing á gagnasafninu** þar sem fram koma upplýsingar um gagnasafnið:
 - heiti þess, tímabil, útgáfuáætlun, staðla, forsendur birtingar, ábyrgðaraðila, umsjónarmann og önnur gagnleg atriði.
- Lýsingin verði samþykkt af ábyrgðaraðila og skjöluð í skjalakerfi Reykjavíkurborgar.

VIÐAUKI 1: Lýsing á gagnasafni

Heiti gagnasafns: _____

(nafn á gagnasafni)

Lýsing: _____

(greinargóð lýsing á innihaldi gagnasafns, mikilvægt er að fram komi upplýsingar um hvort um persónugreinanlegar upplýsingar er að ræða í gögnunum)

Tímabil gagna: _____

(fram komi hvort gögnin eru tekin saman á ársgrundvelli, mánaðarlega, daglega, meðaltal tímabils, eða annað)



Lýsigögn (metadata)

- Upplýsingar sem lýsa gögnunum, uppruna þeirra og innihaldi.
- Hlutverk lýsigagna er að koma til skila upplýsingum um innihald gagnanna svo hægt sé að raða þeim og flokka.
- M.a. notuð af ýmsum leitarvélum á vefnum.
- Stuðst við innihaldslýsingu skv. staðlinum **Dublin Core Metadata Element Set, Version 1.1.**

VIÐAUKI 2: Lýsigögn

Dæmi um efnislegt innihald lýsigagna skv. Dublin Core metadata Element Set, Version 1.1

Efnisatriði skv. staðli	Ísl. þýðing	Lýsing
Contributor	Eigandi gagna	Stofnun sem er eigandi gagnanna.
Corvage	Svæði /tímabil /lögsaga	Staðbundnar eða tímabundnar upplýsingar um viðfangsefnið/gögnin. Tilvísun í lögsögu.
Creator	Höfundur	Stofnun eða rekstrareining sem ber ábyrgð á viðkomandi gögnum.



Leyfisskilmálar

- Notkun opinna gagna er venjulega háð ákveðnum **leyfisskilmálum** sem birtir eru með þeim gagnaskráum sem færðar eru út á opna vefi til birtingar.
- Slíkir skilmálar heimila notkun gagnanna með þeim fyrirvörum sem þar koma fram.
- Leyfisskilmálar / leiðbeiningar eru í vinnslu í vinnuhópi á vegum innanríkisráðuneytis varðandi opin gögn ríkis og sveitarfélaga.

Gögn til birtingar



- Erum tilbúin með **lista yfir gögn** sem við viljum birta
 - Varðar áætlanir og uppgjör flokkað á skipuheildir, kostnaðarstaði og bókhaldslykla og/eða í samræmi við staðla
- Birting á **kostnaðargreiðslum** skv. vilja borgarstjórnar
 - Felur í sér að birta greiðslugögn þar sem opnað verði fyrir aðgengi á einstakar **færslur**
 - Slík birting þarf að taka mið af **persónuverndarlögum** og lagalegri stöðu þeirra sem eiga viðskipti við borgina
 - Gera þarf **viðmiðunarreglur** um birtingu greiðslugagna
 - **Starfsreglur** um meðferð persónuupplýsinga er í undirbúningi



Næstu skref og framtíðarsýn


- Framkvæmd í samræmi við undirbúning

- Opin gögn
- Rafræn gagnagátt fer í útbúning

- Víðtækari birting gagnagátta

- Magntölur
- Lykiltölur
- Mælikvarðar

- Unnið á grundvelli þróunar á stjórnendaupplýsingum og frekari þróunar á árbók Reykjavíkur





Dæmi um frekari upplýsingar

- Einingkostnaður pr. barn í leikskólum
- Kostnaðarþekja gjaldskártekna
- Fjöldi stöðugilda
- O.s.frv.
- Sky is the limit!



Þrjár meginástæður birtingar á gögnum hins opinbera*



- **Gagnsæi.** Eflir lýðræðið. Eykur þekkingu íbúa á verkum hins opinbara og ráðstöfun fjármuna.
- **Leiðir til virðisauka.** Opin gögn skapa tækifæri til atvinnusköpunar. Opin gögn stuðla að fjölbreytni. Þannig hjálpar hið opinbera og eflir atvinnulífið.
- **Þátttöku lýðræði.** Borgarþúar verða upplýstari og hafa aukin tækifæri til að taka þátt í umræðum og ákvörðunum. Felur ekki aðeins í sér hærra þekkingarstig íbúanna, heldur eykur það tækifæri til þátttöku.

*Heimild: <http://opengovernmentdata.org/>



Rekstrarleg áhrif á borgarsjóð?

- Birting gagna eykur aðhald hins opinbera
 - Líklegt er að meðferð opinbers fjár batni og kostnaðarvitund innan stofnana aukist
 - Það geta komið fram ábendingar um möguleika til hagræðingar eða sparnaðar í rekstri
- Rannsóknir sýna að opinber birting upplýsinga um árangur felur í sér fjárhagslegan ávinning
 - Rannsókn sem náði til 42 ríkja í Bandaríkjunum á 27 ára tímabili sýndu marktækan mun á rekstrarniðurstöðum, þar sem ríki sem birtu opinberalega rekstrarárangur stofnana voru með 3,3% lægri kostn.pr. íbúa að meðaltali.*

* Heimild: Crain, M.Q., & O'Roark, J.B. (2004). The impact of performance-based budgeting on state fiscal performance. *Economics of Governance*, 167-186.

